

Samkomulag um staðarmörk Hafnarfjarðar og Garðabæjar

Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði og Garðabær, kt. 570169-6109, Garðatorgi 7, gera með sér eftirfarandi samkomulag um staðarmörk sveitarfélaganna.

1. Hafnarfjarðarbær og Garðabær hafa samþykkt sameiginlegt skipulag Hleina að Langeyramölum, sbr. auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 721/2000 og nr. 724/2000.
2. Á svæðinu er m.a starfsemi dvalar- og hjúkrunarheimilis Hrafnistu í Hafnarfirði og byggð fyrir eldri borgara við Boðahlein og Naustahlein í Garðabæ.
3. Fyrirhuguð er stækkun byggingar dvalar- og hjúkrunarheimils Hrafnistu en bygging heimilisins stendur við bæjarmörk sveitarfélaganna. Aðilar eru sammála um að nauðsynlegt sé að breyta staðarmörkum sveitarfélaganna til að tryggja að mannvirki sem tengjast starfsemi Hrafnistu séu að öllu leyti innan bæjarmarka Hafnarfjarðar.
4. Staðarmörk sveitarfélaganna færast í vestur frá byggingu Hrafnistu sem nemur 9.089,2 m². Við norðanverða bygginguna verður dregin bein lína í austur frá byggingunni og yfir Herjólfsbraut og er stærð þess svæðis 9.836,1 m². Heildarstærð landsvæðis sem eftir breytinguna verður innan staðarmarka Hafnarfjarðar nemur alls 18.925,3 m², sbr. meðfylgjandi uppdráttur (fylgiskjal).
5. Sveitarfélögin eru sammála um að samhliða verði gerð breyting á staðarmörkum sveitarfélaganna í Molduhrauni milli Vesturhrauns í Garðabæ og Skútuhrauns í Hafnarfirði. Með breytingunni færast staðarmörkin vestur fyrir veghelgunarsvæði fyrirhugaðs Álftanesvegjar Heildarstærð landsvæðis sem eftir breytinguna verður innan staðarmarka Garðabæjar nemur alls 18.933,8 m², sbr. meðfylgjandi uppdráttur (fylgiskjal).
6. Eftir breytingu á staðarmörkum sveitarfélaganna breytast eftirfarandi punktar í hnitaskrá samkvæmt landshnitakerfinu ISNET-93 sbr. meðfylgjandi uppdráttur (fylgskj.).

| Nr. | X-hnit | Y-hnit |
|-----|------------|------------|
| 2 | 354734.597 | 400768.012 |
| 3 | 354803.273 | 400830.452 |
| 4 | 354848.753 | 400845.974 |
| 5 | 354895.771 | 400900.170 |
| 6 | 354919.185 | 400898.781 |
| 7 | 354919.361 | 400901.744 |
| 8 | 354944.901 | 400900.230 |
| 9 | 354945.338 | 400907.594 |
| 10 | 355102.978 | 400898.245 |
| 11 | 355142.370 | 400957.123 |
| 14 | 356703.821 | 401043.525 |
| 15 | 356727.846 | 401032.446 |
| 16 | 356926.065 | 400841.008 |
| 17 | 356983.807 | 400732.340 |

7. Í kjölfar staðfestingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála á samkomulagi þessu um breytt staðarmörk sveitarfélugganna samkvæmt ákvæði 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal far fram afsal á landi milli sveitarfélaganna sbr. 4. og 5. tl. þessa samkomulags.
8. Sveitarfélögin ábyrgjast eignarheimild sína til landsins og kvaðalaus afhendingu þess samkvæmt afsali sbr. 7. tl.
9. Samkomulag þetta er undirritað með samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og bæjarstjórnar Garðabæjar.
10. Samkomulag þetta er gert í þremur eintökum, einu fyrir hvorn aðila og til ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

Hafnarfirði, 2014

Fh. Hafnarfjarðar

Fh. Garðabæjar

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir,
bæjarstjóri.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun.
